

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Sigurður Már Einarsson.

FLUTNINGUR Á LAXI UPP FYRIR GILJARFOSS
Í REYKJADALSÁ BORGARFIRÐI.

Eintak bókasafns

VMST-V/85023

Reykjavík
júlí 1985.

VMST-V85023.

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

Sigurður Már Einarsson
Veiðimálastofnun
Vesturlandsdeild

FLUTNINGUR Á LAXI UPP FYRIR GILJARFOSS
Í REYKJADALSÁ BORGARFIRÐI

I INNGANGUR.

Undanfarin tvö ár hefur hrygningarfiski verið sleppt á ófiskgengan hluta Reykjadalársár. Hugmyndin með þessum sleppingum var að nýta ófiskgengan hluta árinna til uppeldis á laxaseiðum og auka þannig framleiðslu árinna. Sleppingar á hrygningarfiski er ein af mörgum aðferðum sem beitt er í þessu skyni og getur komið að hluta í stað byggingu laxastiga (Finnur Garðarsson 1985). Þessari aðferð hefur verið töluvert beitt á síðustu árum. Oft hefur árangur reynst ótryggur, en engu að síður hafa slíkar sleppingar heppnast vel t.d í Hrútafjarðará. Kosturinn við slíkar sleppingar er sá að notast er við stofn árinna sem er aðlagður að umhverfisaðstæðum og einnig er arðsemi sleppinganna mikil ef vel tekst til. Að beiðni veiðifélagsins var árangur sleppinganna athugaður 18 júlí 1985.

II. AÐFERÐIR.

Rafveitt var á þrem stöðum í ánni skammt frá þeim stöðum sem laxinum var sleppt og reynt að finna seiði uprunnin úr hrygninu á ófiskgenga hlutanum.

III. NIÐURSTÖÐUR.

Af þeim þrem stöðum í ánni þar sem veiðar voru reyndar, fundust einungis seiði á einum stað í ánni, þ.e. fyrir neðan fossinn við Sveinhól. Þar veiddust á um 200 m² svæði 7 laxaseiði 9-12.0 sm lengd. Við aldursgreiningu seiðanna kom í ljós að öll seiðin voru 2 ára að aldri og gátu því ekki verið upprunnin úr hrygningu á ófiskgenga hlutanum. Seiðin reyndust komin úr sleppingu smáseiða árið 1983.

IV. UMRÆÐA.

Svo virðist sem flutningur á hrygningarfiski upp fyrir foss hafi ekki tekist sem skyldi. Ekki er auðvelt að segja til um ástæður þessa. Áin fyrir ofan foss virðist hafa öll skilyrði hvað hrygningar- og uppeldissvæði varðar, enda hafa sleppingar smáseiða á svæðið tekist með ágætum. Margt getur hins vegar komið í veg fyrir árangur. Reynsla frá öðrum ám sýnir að fiskur styggist við slíkan flutning og leitar þá oft niður á fiskgenga hlutann aftur. Hugsanlega hefur hrygning tekist en áin getur verið það köld að hrognþroski verði það seint á ferð að mikil afföll verði á seiðum. Ljóst er að þörf er á frekari athugunum til að ganga óyggjandi úr skugga um hvort flutningur á hrygningarfiski í ánni sé æskileg fiskræktaraðgerð. Í ljósi niðurstaðna er mælt með að eftirfarandi verði framkvæmt:

1. Gengið verði úr skugga um hvort áin fóstri hrogn á eðlilegan hátt með niðurgreftri frjóvgaðra hrogna í svokölluð hrognabox. Með þeim er á einfaldan hátt hægt að skða hrognin á mismunandi þroskastigi og athugað hvort seiði þroskist eðlilega úr hrognunum

2. Að reyndur verði flutningur á hrygningarfiski eitt ár enn. Æskilegt er að fleiri fiskar verði fluttir en áður hefur verið gert. Hentug tala gæti verið 15 hrygnur og 10 hængar. Gott væri að geta haft aðstöðu til að geyma fiskana á ófiskgenga hlutanum í kví eða búri í 1-2 sólarhringa og þeim leyft að jafna sig eftir flutninginn.

3. Gengið verði með ánni um haustið og athugað hvort riðblettir sjáist á líklegum hrygningarstöðum.

V. HEIMILDIR.

Finnur Garðarsson 1985. Um laxarækt. Freyr Nr 7 bls 248-255.